



Borgarráð

***Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.
Ný selalaug og nýtt þjónustuhús.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna nýrrar selalaugar og þjónustuhúss ásamt lóðarfrágangi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal.

Kostnaðaráætlun 2 er 125 m.kr.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í júlí nk. og ljúki í nóvember 2022.

Greinargerð:

Um er að ræða nýja útilaug fyrir seli sem tengjast mun eldri laug og nýtt þjónustuhús með nauðsynlegri inniaðstöðu til almennrar umhirðu og aðhlynningar dýra.

Kostnaðarstaður: 1105

Kostnaðaráætlun 2: 125 m.kr.

Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Hjálagt:
Minnisblað
Kynning



Minnisblað

Efni: Stækkun selalaugar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum – Kostnaðaráætlun 2

Um er að ræða nýja útilaug fyrir seli sem tengjast mun eldri laug og nýtt þjónustuhús með nauðsynlegri inniaðstöðu til almennrar umhirðu og aðhlynningar dýra. Ný selalaug mun margfalda það rúmmál sem dýrin hafa til sunds auk þess að gefa þeim möguleika á að kafa á meira dýpi. Stórir gluggar neðan vatnsborðs á nýrri laug munu gefa gestum garðsins tækifæri til að sjá selina með nýjum hætti. Þessi viðbót mun stórauka getu garðsins til að sinna fræðslustarfi sínu auk þess að sinna betur dýrunum, þ.á.m. móttöku villtra dýra í hremmingum í tengslum við Dýraþjónustu Reykjavíkur. Til grundvallar nýrrar aðstöðu eru staðlar frá samtökum dýragarða í Evrópu (EAZE) um landseli (Phoca vitulina). Gert er ráð fyrir að eldri bygging (selabyrgi) verði nýtt fyrir lagnir, mælagrind og hreinsibúnað.

Helstu stærðir: Ný selalaug verður um 100 m² og 300 m³ að stærð. Mesta dýpt laugar verður um 4 m. Stærð þjónustuhúss verður um 37,6 m² (birt flatarmál) með tæplega 11 m² innilaug.


Kostnaðaráætlun 2 fyrir nýja selalaug og þjónustuhús ásamt lóðarfrágangi er 125 m.kr. Allur kostnaður er með virðisaukaskatti á verðlagi apríl 2022.

Samkvæmt frumáætlun um framkvæmdatíma má gera ráð fyrir að framkvæmd við nýja selalaug, þjónustuhúsnæði og lóðarfrágang geti verið lokið nóvember 2022 ef ákveðið verður að fara í útboð á næstu vikum.

Á mynd 1 og 2 hér að neðan má sjá grunnmynd að nýrri selalaug og þjónustuhúsi ásamt frágangi lóðar.

Unnið á frumathuganadeild Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við sérfræðinga Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Ósk Soffía Valtýsdóttir



Mynd 1: Grunnmynd að nýrri selalaug og þjónustuhúsi dýra með innlaug.



Mynd 2: Grunnmynd sem sýnir landmótun og lóðarfrágang við nýja laug.

Ný selalaug og þjónustuhús


Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn



UMHVERFIS- OG
SKIPULAGSSVIÐ

YFIRLITSMYND

Ný selalaug og þjónustuhús



YFIRLITSMYND

Frágangur lóðar



LÝSING Á FRAMKVÆMD

Ný útilaug fyrir seli sem tengjast mun eldri laug.

Nýtt þjónustuhús með inniaðstöðu til umhirðu dýra.

HELSTU BREYTINGAR

- Aukin velferð dýra
 - Rúmmál og dýpt nýrrar selalaugar uppfyllir staðla Samtaka dýragarða í Evrópu (EAZE)
 - Bætt aðstaða til aðhlynningar dýra innanhúss
- Bætt aðstaða fyrir fræðslustarf
 - Stórir gluggar neðan vatnsborðs á nýrri laug
 - Setbekkir fyrir framan nýja laug
 - Aðgengi fyrir alla

KOSTNAÐUR OG VERKTÍMI

Kostnaðaráætlun II

Kostnaðaráætlun II fyrir nýja selalaug ásamt þjónustuhúsi og frágangi lóðar er 125 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í júlí 2022. Áætluð verklok eru nóvember 2022.



TAKK
FYRIR